

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	22/8 2014
Málsnr:	0702005
Bréfal:	511

Hafnarfjarðarkaupstaður
Bjarki Jóhannesson,
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður



Minjastofnun
Íslands

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300, Bréfsími: 570 1301
www.minjastofnun.is

Reykjavík 20. ágúst 2014
Fvr 2014080019 /KM

Efni: Fornleifaskráning vegna Suðvesturlínu í Hafnarfirði.

Minjastofnun Íslands hefur borist tölvupóstur frá Bjarka Jóhannessyni sviðsstjóra/skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar, dags. 22. júlí 2014, þar sem óskað er eftir umsögn um fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar lagningar háspennulínu frá Hamranesi í Hafnarfirði að sveitarfélagamörkum við Sveitarfélagið Voga. Eftir því sem næst verður komist mun fyrirhuguð lína að hluta hafa sömu legu og *Ísallínur 3 og 4* og *Suðurnesjalína 2* eins og þær voru kynntar í mati á umhverfisáhrifum Suðvesturlína árið 2009.

Í viðhengi með áðurnefndum tölvupósti fylgdu fornleifaskráningarskýrslur Fornleifafræðistofunnar frá 2009, *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Ölkelduhálsi að Helguvík í Reykjanesbæ*, þ.e. sá hluti skýrslunnar sem fjallar um Hafnarfjörð og frá 2014, *Fornleifaskráning vegna Suðvesturlínu í hraunum sunnan við Álverið í Straumsvík*. Einnig fylgdi umsögn Byggðasafns Hafnarfjarðar um fornleifaskráningarskýrslur Fornleifafræðistofunnar.

Í skýrslu Fornleifafræðistofunnar frá 2014 og í umsögn byggðasafnsins kemur fram að fulltrúar safnsins skoðuðu austasta hluta svæðisins áður en Fornleifafræðistofnunni var falið að skrá fyrirhugað línustæði að nýju. Í skýrslu Fornleifafræðistofunnar er gerð grein fyrir 15 fornleifum á 12 stöðum í eða í nágrenni línustæðisins. Af þessum fornleifum eru 11 sem ekki var fjallað um í skýrslunni frá 2009. Höfundur skýrslunnar telur raunar að minjar nr. 336, meint fjárból og brunnur, séu ekki fornleifar en fjallar um þær engu að síður. Staðsetningu fornleifanna má sjá á loftmynd á bls. 4 í skýrslunni. Í niðurstöðukafla skýrslu Fornleifafræðistofunnar segir að leiðin sem háspennulínunni hefur verið valin sé mjög ásættanleg hvað varðar fornleifar. Þó er mælt með nákvæmri hnitasetningu allra gatnanna (selstíganna) sem skráðar eru. Í töflu á bls. 5 í skýrslunni er lagt mat á hættu sem fornleifum kann að stafa vegna framkvæmdarinnar. Þar kemur fram að eftirtaldar fornleifar séu í mikilli hættu, gata (287:1), gata (288:1), gata (291:1), gata (337:1) og girðing (341:1). Öðrum stöðum þar sem fornleifar fundust, vörðu (335:1), meintu fjárbóli (336:1), vörðu (338:1), skotbyrgi (339:1), vörðu (340:1), fjárbóli (342:1) og fjárbóli og vörðu (343:1), er ekki talin stafa nein hættu af framkvæmdinni. Minjastofnun Íslands vill þó vekja athygli á því að skv. loftmynd í fornleifaskráningarskýrslunni eru varða (338:1) og skotbyrgi (339:1) staðsett í eða

mjög nærri línustæðinu. Þá liggur Gerðisstígur/Efrihellnastígur (294:1) meðfram línustæðinu á svæðinu austanverðu þar sem línan liggur til suðurs. Um stíginn segir í skýrslu Fornleifafræðistofunnar frá 2009 að hún hafi ekki sést svo öruggt væri við vettvangsskoðun á þeim tíma og að leiðin hafi verið færð inn eftir loftmynd á Byggðasafni Hafnarfjarðar. Minjastofnun Íslands telur að kanna þurfi betur hvort leifar leiðarinnar sjást í nágrenni línustæðisins og ef svo er þurfi að gera ráðstafanir til að leiðinni verði ekki raskað af vangá.

Umsögn Byggðasafns Hafnarfjarðar um skýrslur Fornleifafræðistofunnar byggir á álit Jónatans Garðarssonar á skýrslunum. Eins og áður er fram komið skoðuðu Jónatan og fulltrúi byggðasafnsins austari hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Í umsögninni kemur fram að líklega þurfi að skoða það sem eftir er, frá Óttarstaðaselsstíg að landamerkjum Hafnarfjarðar og Hvassahrauns, til að tryggja að það hafi verið rannsakað. Í umsögninni segir einnig að línuvegur muni skera í sundur nokkra forna stíga og þjóðleiðir á svæðinu og að þá þurfi að hnitsetja. Er þetta í samræmi við það sem fram kemur í skýrslu Fornleifafræðistofunnar. Í umsögn Byggðasafns Hafnarfjarðar er fyrirferðarmest gagnrýni á mat skýrsluhöfundar á þeirri hættu sem minjum Straumssels kann að stafa af fyrirhugaðri línulögn, þ.e. að minjunum stafi engin hættu af framkvæmdinni. Í umsögn byggðasafnsins er fullyrt að línuvegur muni fara nánast alveg við vegghleðslu sem afmarkar Straumssel og að selið sé það sel sem er í mestri hættu. Þá segir að í kringum selið séu minjar sem ekki eru skrásettar í fornleifskráningarskýrslum. Þetta kemur raunar heim og saman við það sem stendur í skýrslu Fornleifafræðistofunnar frá 2009 en þar segir m.a. um Straumssel: *Selið/eyðibýlið var skoðað við erfiðar aðstæður, hríð og snjór yfir öllu. Því var ekki hægt að greina allar rústir sem þarna eru og því látið duga að skrá helstu minjarnar. Mikið er af gördum sem flestir virðast haf tilheyrt bænum, ekki selinu. Þá var ekki hægt að rekja til fulls sökum snjóa. Af Örnefnaskrá II má ráða að talsvert var af fjárskjólum í nágrenni selsins. Í ljósi þessa telur Minjastofnun Íslands nauðsynleg að minjar í nágrenni Straumssels verði skoðaðar betur og skrásettar og að að því loknu verði nýtt mat lagt á hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við línulögnina.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri